

Fækkun starfsmanna slökkviliðsins skapar hættu

Dregið úr mönnun í sumar til að mæta fjárhagsáætlun. Slökkviliðsstjóri segir að dansað sé á línunni. Mikið álag er á mannskapinn og hættan eykst.

ÖRYGGISMÁL Vegna fjárhagsstöðu slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðisins eftir fyrstu mánuði ársins þarf að bregðast við með því að fækka starfsmönnum. Til að byrja með er litið til sumarsins en mögulegt er að þessar ráðstafanir þurfi að halda áfram fram eftir hausti.

Fækkað verður um einn til tvo, sem þýðir að í stað 23 manna á öllum fjórum stöðvunum verður 21 eða 22. Ef einhver veikist er ekki kallaður inn aukamaður.

„Þetta getur skapað hættu fyrir alla. Þetta er aukið álag á mannskapinn og reynir töluvert mikið meira á allt kerfið,“ segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri um stöðuna en um leið og starfsmönnum fækkað hefur verkefnum fjölgað.

„Það er lögð áhersla á að þetta skaði ekki þjónustuna en alltaf þegar maður fækkar mönnum þá aukast líkur á að eitthvað komi upp á. Við dönsum á línunni.“

Jón segir að dregið sé úr heildarmönnun til þess að standast fjárhagsáætlun. Aðhaldsaðgerðir ríkis og sveitarfélaga og launapróun

Þetta getur skapað hættu fyrir alla. Þetta er aukið álag á mannskapinn og reynir töluvert mikið meira á allt kerfið.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri



21-22

verða á vakt á öllum fjórum stöðvum slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í stað 23.

slökkviliðsmanna hafa sett strik í reikninginn.

Þröngur stakkur áætlunarinnar hefur einnig valdið því að sparað er við endurnýjun á vinnufötum, bílaflota og endurmenntun starfsmanna. – ebg / sjá síðu 4

Úr borgarstjórn í Borgarleikhús

LÍFIÐ Ilmur Kristjánsdóttir hefur einblínt á starf sitt sem varaborgarfulltrúi og formaður velferðarráðs seinustu tvö ár. Á næsta ári mun hún hins vegar stíga á svið í Borgarleikhúsinu á ný samhliða pólitíkinni.

Mikil leynd hvílir yfir verkinu og ekki er enn komið nafn á það. Þetta mun vera fyrsta grínleikritið sem Ilmur tekur þátt í en telur að pólitíkin og leiklistin muni eiga vel saman.

– gi / sjá síðu 26



Fréttablaðið í dag

SPORT

Strákarnir í íslenska landsliðinu í knattspyrnu ætla sér áfram í sextán liða úrslit á EM. Þeir mæta Austurríki á morgun. **14**



FRÉTTIR Bretar kjósa um veru sína í Evrópusambandinu á fimmtudag. Baráttan harðnar. **6**

SKOÐUN Kári Stefánsson um háskólamenn, afköst og kvíða. **11**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Fyrsti lax sumarsins „Ég bjóst alls ekki við þessu en það er bara frábært þegar fólk virðir það sem maður leggur af mörkum fyrir samfélagið,“ segir Karólína Inga Guðlaugsdóttir, en hún og maður hennar, Reinhard Reinhardtsson, voru valin Reykvíkingar ársins 2016 í gær við opnun Elliðaánna. Karólína landaði fyrsta laxi sumarsins, þeim fyrsta sem hún veidir um ævina. Hjólin voru tilnefnd fyrir ræktunarstarf sitt í Selásnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

TILBOÐ!
50.000 kr.
afsláttur



55" Samsung Smart TV 4K Curved

199.990 kr. stgr.

Fullt verð: **249.990 kr.**

JU6675

TILBOÐ!
30.000 kr.
afsláttur



49" Samsung Smart TV 4K Curved

159.990 kr. stgr.

Fullt verð: **189.990 kr.**

KU6505

TILBOÐ!
30.000 kr.
afsláttur



49" Samsung Smart TV 4K flatt

149.990 kr. stgr.

Fullt verð: **179.990 kr.**


KU6405

BESTI SJÓNVARPS- DÍLLINN HJÁ NOVA!

Öll snjallsjónvörp tengjast netinu sem gerir allt efni mun aðgengilegra. Snjallasta leiðin til að horfa á sjónvarp.

Stærsti skemmtistadur i heimi!
NOVA

Veður



Lægðin sem hefur valdið vindinum og rigningunni á landinu undanfarið fjarlægist okkur í dag. Það dregur því úr vindinum. Það verður dálítið eftir af rigningunni, en eitthvað gæti sést til sólar um landið norðan- og vestanvert. **SJÁ SÍÐU 18**



Júlíus Vífill Ingvarsson sagði af sér embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sýndu litla borgaralega ábyrgðarkennd

REYKJAVÍK Júlíus Vífill Ingvarssonar, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, og Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti Framsóknar og flugvallarvina, sýndu litla borgaralega ábyrgðarkennd og grófu undan tiltrú almennings á kjörnum fulltrúum í Panama-málinu svokallaða. Þetta kemur fram í niðurstöðu síðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna málsins.

Síðanefndin skilaði sinni niðurstöðu í síðustu viku en forsætisnefnd borgarstjórnar óskaði eftir áliti frá nefndinni.

Hvorki Júlíus Vífill né Sveinbjörg Birna, sem bæði tengdust aflandsfélögum í Panama, greindu frá því í hagsmunaskráningu borgarfulltrúa. Júlíus Vífill sagði af sér í kjölfar umfjöllunar um málið og Sveinbjörg hefur verið í fæðingarorlofi og ætlar ekki að snúa aftur fyrr en skoðun á hagsmunaskráningu er lokið.

Nefndin telur sig ekki hafa úrskurðarvald um það hvort síðareglur hafi verið brotnar en telur engu að síður að borgarfulltrúarnir hafi gengið gegn ýmsum almennum viðmiðum.

Nefndin segir meðal annars í sinni niðurstöðu að það beri ekki vott um sterka borgaralega ábyrgð kjörinna fulltrúa að ráðstafa fjárumum sínum með þessum hætti.

-ngy

Alþjóðlegur dagur flóttamanna í gær



Í spor barna á flóttu Íslandsdeild Amnesty International, Mannréttindaskrifstofa Íslands, UNICEF á Íslandi og Rauði krossinn efndu í gær til viðburðar í miðbænum í tilefni Alþjóðadags flóttamanna. Markmiðið var að vekja athygli á veruleika flóttamanna. Gestum var meðal annars boðið að setja sig í spor barna á flóttu í gegnum sýndarveruleikagleraugu sem gefa innsýn í lífið í flóttamannabúðum í Jórdaníu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Banaslys skammt frá Vík

SLYS Banaslys varð á Suðurlandsvegi í gær skammt vestan við Vík í Mýrdal þegar vöruflutningabíll með eftirvagn valt út af veginum.

Lögreglunni barst tilkynning um slysið um klukkan hálf eitt í gær. Í tilkynningu frá lögreglunni á Suðurlandi segir að vöruflutningabifreiðin hafi oltið skammt frá afleggjaranum að Reynishverfi, vestan Víkur í Mýrdal.

Ökumaðurinn var einn í bifreiðinni og var hann úrskurðaður látinn á vettvangi. Tildrög slyssins eru óljós og vinnur lögreglan á Suðurlandi að rannsókn málsins. Þá segir í tilkynningunni að ekki sé unnt að gefa upp nafn hins látna að svo stöddu.

Loka þurfti Suðurlandsvegi í nokkra tíma meðan unnið var á slysstæð, og nokkrar tafir voru á umferð eftir að opnað var.

-ngy

Vara við góðgerðarsölu á trjám frá Afríku

Borið hefur á því að fólki sé boðið að kaupa tré í Afríku í gegnum fyrirtæki sem ávaxti fjármagn fólks nærri þrettánfalt. Varaformaður Neytendasamtakanna varar við svindlurum sem herja á saklaust fólk sem sjái peningana aldrei aftur.

SAMFÉLAGSMÁL Íslensk kona hefur boðið öðrum konum að fjárfesta í trjám í Afríku og fá fjárhæðina greidda margfalt til baka í formi arðgreiðslna á 20 árum. Hún segir ekkert óeðlilegt við fyrirtækið. Býður konum upp á kennslu í fjármálalæsi en í lok fyrirlestrarins býður hún upp á þessi kostakjör. Eigandi fyrirtækisins hefur áður verið viðriðinn pýramíðasvindl.

Í hópnum Góða systir bauð Þórdís Viðarsdóttir öllum að mæta í kennslu í fjármálalæsi þeim að kostnaðarlausu. Í lok kennslunnar bendir Þórdís á þá lausn að fjárfesta í trjám í Afríku. Það gengur þannig fyrir sig, að í gegnum fyrirtækið Better Globe sem staðsett er í Noregi, kaupir þú tré fyrir 17 evrur. Fyrirtækið tryggir að eigandi trésins fái til baka á næstu 20 árum rúmar 200 evrur eða tólföldun höfuðstólsins.

Fundirnir voru konunum að kostnaðarlausu en í haust verða framhaldsáðalfundir með lögfræðingi og þá munu aðstandendur fundarins rukka inn á fundina. Eigandi fyrirtækisins Better Globe er Rino Solberg, sem var viðriðinn pýramíðasvindl fyrirtækisins Green Planet. Hann hefur áður hafnað því að fyrirtækið sé pýramíðasvindl en neitað að sýna hvernig fyrirtækið sé uppbyggt.

Þórdís Viðarsdóttir hefur stýrt fundunum á Íslandi. „Má ég ekki hafa kennslu heima hjá mér og segja frá og benda fólki á að það eigi möguleika á því að fjárfesta í trjám. Lifeyrissjóðir eru að fjárfesta í trjám,“ segir Þórdís. „Við þurfum að bjarga jörðinni og benda á þetta og byggja upp Afríku.“

Teitur Atlason, varaformaður Neytendasamtakanna, hvetur fólk til að vera á varðbergi gagnvart svindlurum. Sé eitthvað boð of gott

Better Globe
Prosperity with Purpose

Buy Trees Today
One of our Mahogany Plantations in Kenya

Global Interest in Helping
How can Better Globe change the shape of the world?
Our concept of aid given to Africa through its profitable business ventures? Better Globe provides well-being for people in Africa - with good profit to you as customer.
Click about better globe's work...

Fight Global Warming
Become carbon neutral
Fight poverty in Africa
Hinder Desertification
Hinder loss of arable land
Take your future today...

Win a Tree!
Sign up today and you will be entered in our monthly contest to win a tree.

Win a Tree
Click Here

200 Euros can be yours!
Better Globe is giving away trees to one or more lucky winners each month. One tree will earn you 200 Euros in profit. You only need to sign up today. Next month, your name may appear on the lucky winner's list.

Prize-winners
Last three months winners:
May, 2015: Nir Goldstein, Israel, 1 Tree
Apr, 2015: Leo Thorsell, Sweden, 1 Tree
Mar, 2015: Malin Ekhemann, Sweden, 1 Tree

SHORTLISTED 2015
WAF AWARD
THE HUMANITARIAN WATER AND FOOD AWARD

Skjaskot af heimasíðu globetree.com.

Barna er verið að blanda saman hjálparstarfi og pýramíðasvindli og ómerkilegra verður það varla.

Teitur Atlason, varaformaður Neytendasamtakanna



til að vera satt, er það oftast raunin. „Það eru svindlarar alls staðar, líka á netinu og í hópnum Góða systir. Við verðum að vera á varðbergi gagnvart svindlurum alls staðar. Barna er verið að blanda saman hjálpar-

starfi og pýramíðasvindli og ómerkilegra verður það varla,“ segir Teitur. Bendir hann fólki á að hafa samband við Neytendasamtökin og leita réttar síns. „Líklegt er að fólk sjái það fjármagn aldrei aftur sem það hefur lagt í svona starfsemi.“

Þórdís segist vera að gera þetta í sjálfbærni og áhrifum og af hreinni hugsjón. Þegar hún er spurð að því hvort hún hagnist af því fjárhagslega að fá aðra til að fjárfesta í trjám í gegnum fyrirtækið segir hún það hennar einkamála. „Það kemur þér bara ekkert við. Þeir sem vinna á Fréttablaðinu, Eimskip og hjá ríkinu, þetta eru allt pýramíðar svo það er enginn munur á þessu.“
sveinn@frettabladid.is

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

almennaleigufelagid.is

Langtíma leigusamningur

Sveigjanleiki

24/7 þjónusta





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

STÓRLAXÍ HÁDEGISMAT BARA SVONA HILUX DAGUR



Nýr Hilux – lúxus í leik og starfi

Endurhannaður að utan sem innan með þægindi og afköst í huga. Þessi sterkbyggði harðjagl er núna með nýrri og togmeiri vél og hlaðinn þægindum sem fylgja þér alla leið í öruggum og afslöppuðum akstri.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
fram tíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

16 þúsund hafa greitt atkvæði utan kjörfundar

FORSETA
KOSNINGAR
2016

» Kjósendur á erlendra grundu bera sjálfir ábyrgð á því að koma atkvæðum sínum til skila á Íslandi.

Nær 16.500 manns af öllu landinu höfðu um miðjan dag í gær kosið utan kjörfundar samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Íslenskir ríkisborgarar sem flutt hafa lögheimili sitt til útlanda eftir 1. desember 2007 eiga kosningarétt við forsetakosningarnar.

Íslenskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili erlendis í meira en átta ár geta ekki sótt um það núna hjá Þjóðskrá Íslands að komast á kjörskrá til að taka þátt í forsetakosningunum.

„Það er ekki lengur til það sem

heitir að kæra sig inn á kjörskrá heldur þurfa menn að sækja um að verða teknir inn á kjörskrá. Umsóknin þurfti að berast fyrir 1. desember 2015. Það er hlutverk borgarans að fylgjast með því að hann sé á kjörskrá,“ greinir Ástríður Jóhannesdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Þjóðskrár Íslands, frá.

Kjósendur á erlendra grundu bera sjálfir ábyrgð á því að koma atkvæð-

16.500

manns höfðu um miðjan dag í gær kosið undankjörfundar í forsetakosningum.

um sínum til skila á Íslandi. Senda skal atkvæði til sýslumanns eða kjörstjórnar í því umdæmi þar sem kjósendi telur sig vera á kjörskrá, að því er segir á kosningavef innanríkisráðuneytisins. Atkvæðið verður að berast fyrir lok kjörfundar á kjördag svo hægt sé að taka það til greina.

Ástríður bendir á að á vef þjóðskrár, skra.is, geti kjósendur kannað hvar þeir eru á kjörskrá. – ibs



Atkvæði greitt utan kjörfundar í Perlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skorið inn að beini hjá slökkviliðinu

Fækkun starfsmanna og fleiri verkefni hafa aukið álag á þá og getur skapað hættu. Dæmi um að of fáir menn séu á hverjum bíl svo bíða þarf eftir næsta bíl til að sinna reykköfun. Erum orðnir ansi tæpir, segir slökkviliðsstjórinn, sem þarf að standa við fjárhagsáætlun.

ALMANNAVARNIR Lágmarksfjöldi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna á vakt á höfuðborgarsvæðinu hefur verið 23 undanfarin ár. Nú í sumar verður þeim fækkað um einn til tvo, eftir álagstímum. Mögulega mun þessi fækkun halda áfram fram eftir hausti.

„Ef við myndum ekki draga úr mönnum, myndum við ekki standast fjárhagsáætlun,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu. Hann segir niðurskurð nauðsynlegan vegna aðhaldsaðgerða sveitarfélaga og launahækkana slökkviliðsmanna.

Á sama tíma hefur orðið töluverð aukning í sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu. Bæði í almennum flutningum og bráðatilfellum. Í gegnum tíðina hafa aukabílar sinnt almennum flutningum, til að mynda flutningum á sjúklingum á milli stofnana, en slökkviliðið er með verktakasamning við ríkið um að sinna þjónustunni. Nú, með færri mönnum, er hætt á að gengið verði á þann mannskap sem sinna á bráðatilfellum, til að sinna þessum verkefnum.

Jón Viðar viðurkennir að þessar aðgerðir geti komið niður á öryggi slökkviliðsmanna og almennings.

„Álagið á mannskapinn hefur sannarlega aukist verulega. Mín tilfinning er sú að þetta sé komið algjörlega í lágmark. Ég vona að við náum að sinna öllu því sem er í forgangi en það gæti orðið seinkun á almennum flutningi. Þannig að þetta reynir á en allir eru einbeittir í því að

» **Mín tilfinning er sú að þetta sé komið algjörlega í lágmark.**

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins.



láta þetta ekki koma niður á okkar viðskiptavinum. En við erum orðnir ansi tæpir.“

Til þess að fara í reykköfun þarf lágmarksfjölda slökkviliðsmanna. Jón viðurkennir að það hafi komið upp að ekki hafi verið nægilega margir menn í fyrsta bíl sem kemur á svæðið. Þá þurfi að bíða eftir næsta bíl til að geta farið inn. „Það getur valdið töfum. Við erum að dansa þarna algjörlega á línunni.“

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þreyta og þirringur séu komin í starfsfólk slökkviliðsins vegna álags og niðurskurðar. „Já, maður dáist að mannskapnum, hvað hann leggur hart að sér en að sjálfsgöðu hefur þetta sínar afleiðingar. En þetta er dugmikill mannskapur, það er ekki hægt að segja annað.“

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu standa að rekstri slökkviliðsins. Stjórnin er skipuð framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaganna sex og er borgarstjórnin formaður stjórnarinnar. Jón segir að þessar nýju hagræðingartillögur verði kynntar fyrir stjórninni á fundi á morgun. erlabjorg@frettabladid.is



Eldvarnaæfing hjá slökkviliðinu – eftitt reynist að finna tíma fyrir æfingar og endurmenntun liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

» Þegar sjúkrabílar fara í verkefni verður itrekað aðeins einn starfsmaður eftir á slökkvistöðinni. Það er varðstjórnin.



Fornbílar og slitin fót

Öryggi er sett í forgang hjá slökkviliðinu þannig að fækkun í mannafla er eitt síðasta hálmstráid í niðurskurði. Áður hefur verið skorið niður á ýmsum öðrum sviðum.

Slökkvibílar liðsins eru af árgærdum 1990-2003. Ef einhver bílanna þarf að fara í viðgerð er varabíll notaður sem er af

árgærd 1983. Hann telst til fornbíla. Stjórnin hefur þó heimilað kaup á fjórum bílum.

Endurmenntun og æfingar eiga sér stað utan vaktar vegna anna í starfinu. Endurmenntun er í algjöru lágmarki og hefur verið síðustu ár.

Starfsmenn hafa ekki fengið ný **vinnuföt** í tæp tvö ár.

28. júní í 14 nætur

Frá kr. **112.995** m/hálft fæði innifalið

MALLORCA

Ola Tomir Aparthotel

Netverð á mann frá kr. 112.995 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 139.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.

Heimsferðir

Flóttamenn aldrei verið fleiri

SAMFÉLAG Aldrei hafa verið fleiri flóttamenn á vergangi í heiminum en í dag. Þetta kemur fram í árskýrslu mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna sem birt var í gær á alþjóðlega flóttamannadeginum. Alls eru rúmlega 65 milljónir flóttamanna í heiminum. Ýmist innan

65,3

milljónir flóttamanna eru á vergangi í heiminum

eigin lands eða utan þess. Á sama tíma í fyrra voru flóttamenn um sextíu milljónir, fimm milljónum færri. Rómur helmingur allra flóttamanna kemur frá þremur löndum. Þau eru Sýrland, Afganistan og Sómalía.

Þrátt fyrir áhersluna sem lögð hefur verið á flóttamenn í Evrópu eru 86 prósent flóttamanna hýst



Bjarga hefur þurft fjölda flóttamanna úr sjávarháská á Miðjarðarhafi. NORDICPHOTOS/AFP

utan álfunnar. Tyrkland hýsir flesta, 2,5 milljónir, og Pakistan og Libanon eru skammt á eftir.

Fjöldi flóttamanna í heiminum þýðir að nærri eitt prósent heimsbyggðarinnar eru flóttamenn, eða

einn af hverjum 113. Í skýrslunni kemur einnig fram að 24 bættust við í hóp flóttamanna á hverri mínútu á síðasta ári og að helmingur allra flóttamanna séu börn undir átján ára aldri. – þea

Ein fjölhæfasta fjölskylda landsins



Volkswagen atvinnubílar

Það er engin tilviljun að Volkswagen atvinnubílar hafa verið vinsælustu atvinnubílar á Íslandi undanfarin ár. Auðugt vöruúrval sameinar eiginleika Volkswagen sem ná til áreiðanleika og hámarksgæða fyrir hagstætt verð. Fjölbreyttar útfærslur eru sniðnar að ólíkum þörfum viðskiptavina svo allir geta fundið sér bíl við sitt hæfi.

Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrvalið í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.

Volkswagen Amarok verð frá: **5.840.000** (án vsk 4.709.677)

Volkswagen Crafter verð frá: **5.700.000** (án vsk 4.596.774)

Volkswagen Caddy verð frá: **2.670.000** (án vsk 2.153.226)

Volkswagen Transporter verð frá: **4.590.000** (án vsk 3.701.613)

HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.



Atvinnubílar

Fyrirverandi ráðherra skiptir um lið

Fyrsti músliminn sem varð ráðherra í Bretlandi segir aðskilnaðarsinna þagga niður í hófsemisröddum. Sagði sig úr útgöngusamtökunum Vote Leave. Nigel Farage segir Remain nýta morðið á þingmanni í pólitískum tilgangi. Skoðanakannanir enn hnífjafnar.

BRETLAND Sayeeda Warsi, barónessa og fyrirverandi ráðherra í breska utanríkisráðuneytinu fyrir hönd Íhaldsflokksins, sagði í gær skilið við samtökin Vote Leave, sem berjast fyrir aðskilnaði Bretlands frá Evrópusambandinu, svokölluðu Brexit, og gekk til liðs við Remain, samtök sem styðja áframhaldandi veru Bretlands innan sambandsins.

Warsi, sem er fyrsti músliminn sem gegndi stöðu ráðherra á Bretlandi, sakaði Michael Gove, einn forstöðumanna Vote Leave, um lygar í gær. Sagði Warsi hann hafa logið um mögulega inngöngu Tyrklands í Evrópusambandið og alið á ötta með því að tengja tyrknesk samfélög við glæpi.

„Málflutningur fólks innan Vote Leave er óþægilegur. Þaggað hefur verið niður í hófsömum röddum,“ sagði Warsi við BBC. Hún sagðist hafa gengið til liðs við samtökin til að setja fram jákvæða framtíðarsýn Bretlands utan Evrópusambandsins.

Nigel Farage, formaður Sjálfstæðisflokks Bretlands, sagði liðhlaup Warsi algjöra firru. „Warsi hefur alla tíð gert lítið úr öllu sem ég hef sagt og gert. Hún var aldrei stuðningsmaður Vote Leave,“ sagði Farage í útvarpsviðtali hjá LBC.

Farage sakaði Cameron og Remain um að nýta morðið á þingkonunni Jo Cox í pólitískum tilgangi. „Það sem við sjáum hér er að forsætisráðherra og Remain reyna að blása upp gjörðir geðveiks manns og tengja þær við skoðanir helmings Breta sem vilja að við náum aftur stjórn á landamærum okkar.“

„Ég held að stuðningsmenn Remains reyni margir hverjir að nota þennan harmleik til að ýja að því að þetta einangraða, hrikalega atvik sé einhvern veginn tengt þeim



Stuðningsmenn Vote Leave segja kjósendum að trúa ekki forsætisráðherranum David Cameron sem styður Remain.

NORDICPHOTOS/AFP

44%

aðhyllast aðskilnað og jafnmargir eru á móti.

Hún var aldrei stuðningsmaður Vote Leave.

Nigel Farage, formaður Sjálfstæðisflokks Bretlands



Málflutningur fólks innan Vote Leave er óþægilegur. Þaggað hefur verið niður í hófsömum röddum.

Sayeeda Warsi barónessa



Úrvalsdeildin andsnúin aðskilnaði

„Úrvalsdeildin er opin í eðli sínu. Aðskilnaður frá Evrópusambandinu væri úr öllu sambandi við eðli deildarinnar,“ sagði Richard Scudamore, framkvæmdastjóri ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu. Hann segir öll tuttugu knattspyrnufélögin í deildinni eru hlynt áframhaldandi veru innan sambandsins.

„Þegar þú ferðast um heiminn, eins og við gerum, er vel tekið á móti þér þegar þú ert opinn fyrir viðræðum, viðskiptum og samstarfi.“ Robert Oxley, liðsmaður Vote Leave, var hins vegar ósammála. „Reglur Evrópusambandsins takmarka möguleika okkar á að þróa hæfileikaríka leikmenn og minnka aðgengi okkar að leikmönnum utan Evrópu,“ sagði Oxley.



Richard Scudamore, framkvæmdastjóri ensku úrvalsdeildarinnar

rökfærslum sem ég hef sjálfur lagt fram eða aðrir innan Vote Leave,“ sagði Farage.

Cox var myrt síðastliðinn fimmtudag. Þegar Thomas Mair, sem ákærður er fyrir morðið, var spurður til nafns fyrir dómstólum sagði hann: „Drepum föðurlandssvikara, frelsum Bretland.“

Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem Financial Times tekur saman aðhyllast 44 prósent nú aðskilnað en 44 prósent eru á móti. thorgnyr@frettabladid.is

Aðalfundur

Blátt áfram verður haldin fimmtudaginn 30. júní kl. 16.00.

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins í Fákafeni 9, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins

1. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar.
2. Starfsskýrsla síðasta árs.
3. Önnur mál.

Blátt  áfram

Stakar máltíðir á hátíðardögum

REYKJAVÍK Borgarráð samþykkti á fundi sínum í síðustu viku að heimila grunnskólum að selja stakar máltíðir í gegnum áskriftarkerfi skólamötuneytanna á sérstökum hátíðar- og tyllidögum og þegar máltíðin er hluti af skóladagskránni. Þetta kemur fram á vef Reykjavíkurborgar.

Í greinargerð með tillögunni sem kom frá skóla- og frístundaráði segir meðal annars að rétt sé að heimila skólástjórnum að selja forsjármönnum grunnskólanemenda stakar máltíðir til handa börnum þeirra á skólatíma í gegnum áskriftarkerfið á sérstökum hátíðar- og tyllidögum þar sem máltíðin er hluti af dagskrá dagsins í skól-



Krakkar að borða skólamáltíð í mótuneyti Fossvogsskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

anum. Skólástjórar útfæri í samráði við skólaráð á hvaða dögum verður í boði að kaupa staka máltíð. Skóla- og frístundasvið leggur til að miðað verði við að gjaldið verði 500 krónur

fyrir hverja máltíð og eigi að jafnaði að duga fyrir hræfniskostnaði. Ekki verði veittur systkinaafsláttur af stakri máltíð. Að öðru leyti verði gjaldskrá vegna skólamáltíða óbreytt. - ngy

Fiskur vikunnar

20. – 24. júní



Keila, fersk og kryddlegin

★ 1.690 kr. kg.



HAFIÐ
FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholt 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | [facebook](https://www.facebook.com/hafid)

TILBOÐ

ÖLL HANDVERKFÆRI

20% AFSLÁTTUR

MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS

TOPPLYKLASETT 20 STK

Toppar 1/2" 8 - 32 mm
skrall og framlengingar
Kemur án tösku

vnr IBTGABB2001

5.899 m/vsk

Fullt verð 7.374



TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

17.087 m/vsk

Fullt verð 21.358



TOPPLYKLASETT 28 STK

1/2" toppar 8 - 32mm
Skrall. framlengingar, liður
Framlenging m/ LED ljósi

IBTGCAI2802

9.254 m/vsk

Fullt verð 11.568



TOPP-, OG BITASETT 46 STK

Toppar 4 - 13mm
Djúpir toppar 5 - 13mm
Bitatoppar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI4601

7.874 m/vsk

Fullt verð 9.842



TOPP-, OG BITASETT 41 STK

Toppar 1/4" 4 - 14 mm
Torx, stjarna og sexkants bitar
Skrall, framl. og fl
Sterk plasttaska

vnr IBTGADW4101

5.947 m/vsk

Fullt verð 6.739



TILBOÐ

SNITTSETT 40 STK



6.960 m/vsk

Fullt verð 8.700

FASTLYKLASETT 12 STK

12 STK. 6 - 22MM



4.242 m/vsk

Fullt verð 5.303

HERSLUMÆLIR FYRIR SKRALL 1/2" 40-200NM



5.609 m/vsk

Fullt verð 7.011

BLIKKKLIPPUR



1 STK.

1.133 m/vsk

Fullt verð 1.416

DÚKAHNÍFUR 18MM



509 m/vsk

Fullt verð 637

SKRÚFJÁRNSSETT 8 STK



2.977 m/vsk

Fullt verð 3.721

TILBOÐ

HERSLUMÆLIR 1/2"



70 - 350 NM

10.198 m/vsk

Fullt verð 12.747

VÍRBURSTI FYRIR GEYMASAMBÖND



393 m/vsk

Fullt verð 492



7 SKÚFFUR

SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 142.200 m/vsk

Fullt verð 177.750



FASTIR LYKLAR ÁTAKSMÆLAR
TOPPAR SKRÖLL TANGIR

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á SINDRI.IS

20% AFSLÁTTUR

www.sindri.is / sími 575 0000

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

Fólk slegið í rot með lyfjagjöf

Einum stofnenda Hugarafis blöskrar of mikil áhersla á lyfjameðferð á geðdeildum Landspítalans. Finna verði aðrar leiðir en innlagnir. Segir fólk hreinlega slegið í rot með lyfjum og það skorti batamiðaða nálgun. Einar Björnsson komst til heilsu með slíkri nálgun og hefur verið laus við geðlyf í tæplega fjórtán ár. Áður var hann á sjö geðlyfjum og til stóð að leggja hann inn á geðdeild til langtíma.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

GEÐHEILBRIGÐISMÁL „Við verðum að finna aðrar leiðir en innlagnir á geðdeildir þegar einstaklingur kemst í öngstræti með líf sitt,“ segir Auður Axelsdóttir einn stofnenda Hugarafis. Auður hefur víðtæka reynslu af geðheilbrigðismálum. Í samtökunum Hugarafli eru valdefling og batamódelið markvisst notuð sem hugmyndafræði og aðferð til að efla starfið og einstaklinga sem eiga við geðræn vandamál að stríða.

Ekki batamiðuð meðferð

Auður fer í heimsókn á geðdeildir Landspítala vegna veikinda skjólstaðinga sinna hjá samtökunum. „Það hefur orðið mikil afturför inni á geðdeildum, meðferðin ein-kennist af of mikilli lyfjameðferð og er lítið batamiðuð,“ segir Auður. „Ég hef skilning á því að það þarf stundum bráðainnlagnir, en allt þetta lyfjaustur er mannskemma-andi. Ég fer stundum grátandi út eftir heimsókn á geðdeild, því fólk er slegið í rot með lyfjagjöf. Það er lítið verið að sinna því, tala við það, hlusta á það. Það er ekki hægt að ná nokkru sambandi við það og ég er slegin yfir þessu,“ segir Auður afar ósátt við meðferð skjólstaðinga



Valdefling:

Valdefling felur meðal annars í sér að hafa vald til að taka ákvarðanir og að hafa næga valkosti. Einnig að einstaklingurinn stuðli sjálfur að viðvarandi þroska og breytingum.

Á endastöð:

Svipta átti Einar sjálffræði og vista hann til langtímadvalar í Arnarholti. Honum var sagt að það væri ekkert hægt að gera fyrir hann. Á þeim tíma var hann á sjö geðlyfjum.

Hugmyndafræði í sókn:

Æ fleiri styðjast við batahugmyndafræðina. Batamiðstöðin á Kleppi var stofnuð vorið 2015 af hópi starfsmanna þar. Notendur koma sjálfir að ákvörðunum um meðferð.

Gagnrýni á greiningar:

„Það er auðvelt að greina, það er erfitt að taka til baka ranga greiningu,“ segir Allen Frances geðlæknir sem var hér á landi í síðustu viku. Hann gagnrýnir greiningarkerfi geðlæknisfræðinnar.



**MIDNÆTUR
HLAUP
SUZUKI**
23. júní 2016

10 KM
RÆST KL.22:00

5 KM
RÆST KL.21:50

21 KM
RÆST KL.21:20

Ég fer stundum grátandi út eftir heimsókn á geðdeild.

Auður Axelsdóttir hjá Hugarafli



sinna sem hún segir fornfálega og í engu samhengi við það sem sé viðurkennt að dugi til að stuðla að bata.

Skortir viðtalsmeðferð

Málefni geðsjúkra voru rædd á

málþingi þann 15. júní síðastliðinn undir yfirskriftinni: Hefur okkur borið af leið? Á málþinginu ræddi heimsþekktur fyrirlesari, Allen Frances, um ofgreiningar geðlækna og greiningakerfi sem þjónar lyfjandi fremur en fólki. Allen sagði í viðtali við Fréttablaðið að margir sem áður voru álitnir heilbrigðir væru í dag greindir með geðsjúkdóma. Þjáning hversdagsins hafi verið gerð að geðröskunum og alltof oft meðhöndluð með lyfjum.

Þórgunnur Ársælsdóttir, einn þeirra geðlækna sem tóku þátt í málþinginu, sagði skort á aðgengi í viðtalsmeðferð og því væri of mikil áhersla á lyfjameðferð. Þór-

gunnur minnti hins vegar á mikilvægi lyfja í alvarlegum veikindum. „Það voru gríðarlegar framfarir í meðferð geðsjúkra á síðustu öld og einn veigamesti liðurinn var framþróun í lyfjameðferð. Lyf geta verið gríðarlega mikilvæg í alvarlegum veikindum og geta verið hjálpleg í leið til bata,“ sagði Þórgunnur.

Skortir gott viðmót

Auður sat málþingið og segir viðbrögð heilbrigðisstofnana á eina leið. Það skorti fjármagn. Hún er því ósammála og segir skortinn annan og verri viðureignar. „Það skortir gott viðmót á geðdeildum, mann-gæsku og samtal. Ég er sannfærð um

að starf geðdeildanna myndi ekki lagast þótt við settum fimm milljarða í þær ef notendur þeirra mæta áfram sama viðhorfi,“ segir Auður. „Það var engin raunveruleg samræða á málþinginu. Við hjá Hugarafli höfum margsinnis kynnt hér á landi framfarir sem geta linað sársauka og dregið verulega úr lyfanotkun, svo sem skjólshús, „Open dialogue, og andlegt hjartahnoð (ECPR). Aðferðir sem er sannað að styðja við bata. Það eru fullt af læknum sem vinna með okkur því þeir sjá að fólk nær bata með þeirri nálgun sem við beitum. Þetta skilar sér hins vegar ekki inn í starf geðdeilda,“ segir Auður.

270

félagsmenn eru skráðir í Hugarafli.

» Í samtökunum Hugarafli eru valdefling og batamódelið markvisst notuð.

Var á sjö geðlyfjum en er nú lyfjalaus

Einar Björnsson er fjórutíu og átta ára gamall. Hann glímdi við geðræna erfiðleika sem ungur maður en hefur verið án geðlyfja í tæp fjórtán ár og náði bata. Einar var um tíma á níu lyfjum. Sjö geðlyfjum og meltingarfæra- og hjartalyfjum sem hann þurfti að taka vegna aukaverkana. „Ég var flak á þessum tíma. Ég veikist fyrst 25 ára gamall, kem úr erfiðum aðstæðum og fátækt. Ég er greindur með geðhvörf og fór bæði í maníu og þunglyndi. Það stóð til að senda mig á Arnarholt til langtímadvalar, móðir mín var beðin um að skrifa undir sjálfræðissviptingu,“ segir Einar frá. „Mér var sagt að það væri ekkert hægt að gera fyrir mig,“ segir Einar.

Örlög Einars urðu allt önnur. „Ég tók ákvörðun um bata, þá var verið að opna Hvítabandið. Þarna var fólk með aðra sýn en ég var orðinn vanur. Mér var mætt eins og manneskju en

ekki eins og hlut,“ segir hann. „Auður átti einnig stóran þátt í mínum bata. Það þarf trú á fólk, það þarf að mæta því á þeim stað sem það er. Ég hef ekki komið á geðdeild síðan nema til þess að fara í heimsókn. Ég finn til með fólki þegar ég geri það. Þetta er ekki umhverfi sem er vænlegt til bata,“ segir Einar og segir ekki hlustað á notendur geðdeilda Landspítalans eða sérfræðinga um batamiðaða meðferð þrátt fyrir að þeir nái góðum árangri.

„Geðheilbrigðiskerfið er ekki opið fyrir gagnrýni, hér heima er ekki hlustað á okkur. Umræða um of mikla lyfjameðferð er ekki tekin. Ég hef til dæmis rætt um reynslu mína í sjónvarpsviðtali og fékk þá í andlitið að ég væri að valda fólki skaða. Það er rangt,“ segir Einar og segist sannfærður um að of mikil lyfjameðferð komi ekki að gagni og geti reynst stórskadleg. – kbg



Einar Björnsson



VERTU MEÐ Í MIÐNÆTURHLAUPI SUZUKI

Miðnæturhlaup Suzuki fer fram að kvöldi

23.júní 2016 í tuttugasta og fjórða sinn.

Hlaupið hefst og endar í Laugardalnum. Að því loknu er öllum þátttakendum boðið í sund.

Þú borgar lægra gjald ef þú skráir þig á marathon.is fyrir miðnætti miðvikudaginn 22.júní.

UPPLÝSINGAR Á MARATHON.IS



SUZUKI ER STOLTUR SAMSTARFSABILI MIÐNÆTURHLAUPS SUZUKI OG REYKJAVÍKURMARAPONS

Að fara eða vera



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Bretar kjósa nú á fimmtudag um áframhaldi veru sína innan Evrópusambandsins. Kosningarnar eru tvísýnar, skoðanakannanir síðustu mánaða hafa verið meira og minna jafnar upp á hár. Breska þjóðin er þannig klofin í tvær jafnar fylkingar og því skyldi engan undra að aukin harka hefur færst í málflutning talsmanna fylkinganna tveggja að undanfögnu. Því miður virðist hin aukna harka hafa náð að æra óstöðugan og formlegri kosningabaráttu lauk á sviplegan hátt þegar þingkonan Jo Cox var myrt af þjóðernissinna, sem var óánægður með málflutning hennar til stuðnings veru Bretlands í ESB.

Efasemdir um Evrópusamvinnu hafa lengi verið uppi í bresku samfélagi og hafa magnast síðustu misseri með vandræðum sambandsins og evrusvæðisins, en ekki síst í kjölfar flóttamannastraumsins til Evrópu.

Umræðan á Bretlandi minnir oft á hina íslensku þegar rætt er um mögulega aðild Íslendinga að ESB. Efnahagsleg rök vega þungt, en sérfræðinga greinir á um hvort Bretar græði eða tapi á aðildinni. Hvort heldur sem rétt er, er öllum ljóst að tilurð Evrópusambandsins, og þar með frjálst flæði fjármagns, launafólks, vöruflutninga og þjónustu, hefur haft í för með sér gifurlegar framfarir og efnahagslegan ávinning fyrir álfuna alla – og þar ekki síst Breta.

Ýmsir hafa varað við efnahagslegum afleiðingum úrsagnar, þar á meðal fjármálaráðherrar G20 ríkjanna, bankastjórar bresku bankanna, framkvæmdastjóri AGS, Bandaríkjaforseti og ekki síst David Cameron, forsætisráðherra landsins, sem hefur sagt að útganga myndi ógna efnahagslegu öryggi og þjóðaröryggi Bretlands. Allir helstu stjórnmálaflokkar landsins vilja vera áfram í sambandinu að frátöldum Sjálfstæðisflokknum UKIP, en í öllum flokkum má þó finna úrsagnarsinna.

Fullveldispátturinn vegur einnig þungt. Þar deila fylkingarnar ekki síður um áhrif sambandsins og hversu mikinn þátt það á í að setja Bretum lög og reglur. Jafn þungt vega tillifningarök tengd hreinni þjóðernishyggi og jafnvel beinlínis kynþáttahatri.

Frá því að flóttamannastraumurinn fór að berast til Evrópu hafa ýmsir talsmenn úrsagnar, og þá sérstaklega þeir sem tengjast UKIP beint, notað vandann sem honum hefur fylgt sem áróður fyrir úrsögn. Öfyrirleitinn og ógeðslegur málflutningur sem minnir helst á áróður nasista í síðari heimsstyrjöldinni um lokun landamæra fyrir flóttafólki, blasir við Bretum víðsvegar.

Það má nefnilega ekki gleyma því hver tilgangur Evrópusambandsins upphaflega var. Það er fljótt að gleymast hversu erfið alþjóðasamskipti milli Evrópuríkja gátu verið áður en sambandið varð til. Markmiðið var að koma á varanlegum friði í Evrópu eftir að hvert stríðið hafði rekið annað í lengri tíma. Sambandið hefur verið grunnur að langtíma friði í álfunni og víðar, og með aðstoð annarra alþjóðastofnana einnig lagt grunn að auknu lýðræði og hagsæld innan álfunnar. Með því að yfirgefa Evrópusambandið rekur Bretland fleyg í það samstarf sem svo langan tíma hefur tekið að setja á fót með öfyrirséðum afleiðingum.

Hvernig svo sem fer á fimmtudag er ljóst að ákvörðunin verður söguleg og afdrifarík.

Halldór



Öfyrirleitinn og ógeðslegur málflutningur sem minnir helst á áróður nasista í síðari heimsstyrjöldinni um lokun landamæra fyrir flóttafólki, blasir við Bretum víðsvegar.

Frá degi til dags

Ferskir vindar

Vinstri græn í norðausturkjördæmi kynntu framboðslistann sinn í gær. Listinn var samþykktur á félagsfundum á Sel hótel í Mývatnssveit á sunnudaginn og er býsna merkilegur fyrir nokkurra hluta sakir. Fyrir það fyrsta hefðu flokksmenn getað sýnt áherslu sínar á feminisma í verki með því að fela vaxandi þingkonu, Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur, forystuhlutverkið. Til þess kom þó ekki og Bjarkey vermir annað sætið á listanum á eftir Steingrími J. Sigfússyni sem nú þegar hefur setið á þingi í 33 ár.

Kjördæmavalið

Þá er líka svolítið athyglisvert að sjá að Björn Valur Gíslason, varaformaður flokksins, býður sig fram í norðausturkjördæmi og er í þriðja sæti listans. Það er kannski eðlilegt. Þegar Björn Valur bauð sig fram í þingkosningum 2009 skilaði framboð hans í norðausturkjördæmi honum þingsæti. Framboð Björns Vals í prófkjöri VG í Reykjavík árið 2013 varð aftur á móti sneypuför. Þá endaði hann í sjötta sæti listans og í þokkabót höfnuðu Reykvikingar VG í kosningunum. VG er með byrinn í seglin þessa dagana, ef marka má skoðanakannanir, og allt eins líklegt að Björn Valur endi aftur inni á þingi. Sér í lagi ef hann býður sig fram í réttu kjördæmi. jonhakon@frettabladid.is

Aldraðir þjóðfélagsþegnar



Hanna Lára Steinsson
félagsráðgjafi,
MA, MS

Í Fréttablaðinu þann 8. júní síðastliðinn birtist grein undir yfirskriftinni: „Um níutíu eldri borgarar fastir á spítala.“ Um er að ræða aldrað fólk sem hefur lokið meðferð á spítala, getur ekki búið lengur heima og er að bíða eftir vistun á hjúkrunarheimili.

Við lestur greinarinnar fylltist ég depurð vegna þess að þetta ástand hefur verið við lýði áratugum saman. Árið 1998 skrifaði ég grein í Morgunblaðið með yfirsögninni: „Hver vill vera á biðlista?“ Þá voru 98 aldraðir fastir á spítala.

Það hefur aldrei skipt máli hvort það sé góðæri, uppangur, þensla, hrun eða kreppa í þessu þjóðfélagi, aldraðir þjóðfélagsþegnar hafa alltaf mætt afgangi og stefna stjórnvalda hefur einkennst af því að slökkva elda og setja plástra þar sem neyðin er mest á hverjum tíma.

